



## Jafnlaunastefna Snæfellsbæjar

### Almennt

Snæfellsbær hefur launajafnrétti að leiðarljósi við launastefnu sína. Jafnlaunastefna þessi er órjúfanlegur hluti af launastefnu og jafnréttisáetlun sveitarfélagsins.

Það er stefna Snæfellsbæjar að tryggja að konur og karlar sem starfa hjá sveitarfélagini hafi jöfn tækifæri í starfi, fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum. Með stefnunni er unnið markvisst gegn kynbundnum launamun, beinni eða óbeinni mismunun á grundvelli kyns og stuðlað að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði í samræmi við ákvæði laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, með síðari breytingum.

### Til að ná markmiðum jafnlaunastefnu þessarar skal Snæfellsbær:

- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum og eftir atvikum öðrum réttarheimildum, sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 sbr. einnig lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, með síðari breytingum.
- Tryggja að fyrir hendi séu skráðar og skjalfestar verlagsreglur fyrir jafnlaunakerfi, s.s. um flokkun starfa, hlítingu laga og reglna, samskipti, launagreiningar, skjalavörslu og úttektir.
- Innleiða og kynna jafnlaunamarkmið og jafnlaunastefnu þessa fyrir öllum starfsmönnum sveitarfélagsins og tryggja aðgengi þeirra að henni.
- Láta fara fram jafnlaunaúttekt.
- Tryggja að allar ákvarðanir um laun og kjör séu skjalfestar, rökstuddar og rekjanlegar og í samræmi við jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi.
- Framkvæma árlega innri úttekt á jafnlaunakerfi og fara yfir með sviðsstjórum Snæfellsbæjar.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf með það að markmiði að kanna hvort munur er á launum starfsmanna eftir kyni.
- Bregðast án ástæðulauss dráttar við óútskýrðum launamun.
- Kynna helstu niðurstöður launagreiningar fyrir starfsfólk.

Bæjarstjóri og bæjarritari bera ábyrgð á framfylgd jafnlaunastefnu þessarar og innleiðingu og viðhaldi jafnlaunakerfis Snæfellsbæjar.

*Samþykkt á 356. fundi bæjarstjórnar þann 31. mars 2022.*

